

# Eftirfylgni úttektar á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð



Apríl 2021



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health

#### Eftirfylgni úttektar á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð

**Höfundur:**

Svið eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu hjá embætti landlæknis.

**Útgefandi:**

Embætti landlæknis  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
[www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Reykjavík 2021

© 2021 Embætti landlæknis

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án þess að geta heimildar.

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 skal landlæknir hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma. Embætti landlæknis setti fram [Áætlun um gæðabróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030](#) sem heilbrigðisráðherra staðfesti í desember 2018. Embættið mun hafa áætlunina til hliðsjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu en gert er ráð fyrir að áætlunin verði innleidd í áföngum.

Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana

Embætti landlæknis gerði í apríl 2019 [hlutaúttekt á starfsemi og þjónustu á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð](#).

Ábendingar embættis landlæknis að lokinni úttekt voru:

#### **Efla gæði og öryggi**

- Efla frekar starf umbótahópa og kynningu á þeim með það að markmiði að bæta niðurstöður RAI-gæðavísa. Styðjast við *Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019 – 2030*.
- Setja fram mælanleg gæðamarkmið í samræmi við stefnu um starfsemina líkt og kröfúlýsing kveður á um.
- Uppfæra gæðahandbók reglulega, koma henni á rafrænt form og sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á henni og hafi aðgang að henni. Sjá til þess að í gæðahandbókinni séu mikilvægar verklagsreglur, vinnulýsingar og gátlistar.
- Gera þjónustukannanir reglulega og nýta niðurstöður í umbótastarfi.
- Styrkja þverfaglega teymisvinnu á heimilinu.

#### **Efla þjónustu við íbúa**

- Tryggja að allt starfsfólk sem vinnur við hjúkrun/umönnun hafi gott vald á íslensku máli.
- Tryggja markvissa lækniþjónustu og að skipulag lækniþjónustu taki mið af þörfum íbúa og skipulagi starfsemi heimilisins.
- Tryggja aðbúnað íbúa er varðar hreinlæti, hvíld og samskipti, huga sérstaklega að þeim sem dvelja í tvíbýlum.
- Leita allra leiða til að breyta/endurnýja húsnæði heimilisins svo það uppfylli nútíma kröfur sem gerðar eru til hjúkrunarheimila.
- Hafa reglulega fjölskyldufundi, t.d. tvisvar á ári í staðinn fyrir „eftir þörfum“. Enn fremur að hafa fyrsta fjölskyldufund fyrir eftir komu.
- Efla íbúalýðræði þannig að markvisst sé leitað eftir óskum íbúa og reynt að bregðast við þeim.
- Auka samveru með íbúum til þess að draga úr einmanaleika þeirra.

#### **Tryggja viðeigandi mönnun**

- Leita allra leiða til að tryggja viðeigandi fagmönnun og samfellu í hjúkrunarþjónustu svo hægt sé að efla gæði og öryggi þjónustunnar.
- Efla markvissa starfsaðlögun.
- Auka íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt heilbrigðiskerfi og samfélag fyrir starfsfólk af erlendum uppruna.

#### **Eftirfylgni úttektar**

Ákveðið var að fulltrúar embættis landlæknis færu í eftirfylgniheimsókn í Sunnuhlíð í mars 2020. Við undirbúning heimsóknarinnar var óskað eftir greinargerð frá stjórnendum á heimilinu þar sem fram kæmi hvernig brugðist hafði verið við fyrrnefndum ábendingum. Vegna COVID-19 heimsfaraldurs báðu stjórnendur Sunnuhlíðar um frest. Greinargerð stjórnenda barst þann 3. september 2020 og viðbót þann 22. september en þar sem enn var töluvert umrót vegna heimsfaraldursins var ákveðið að fresta fyrirhugaðri heimsókn fulltrúa embættisins. Fulltrúar

embættisins héldu loks fund með stjórnendum Sunnuhlíðar þann 22.mars 2021 þar sem farið var yfir helstu ábendingar og svör. Á fundinum var jafnframt rætt um ýmsar áskoranir og hugmyndir sem stjórnendur og starfsfólk hafa unnið með eftir úttektina.


## Niðurstöður eftirfylgni

### Efla gæði og öryggi

- **Efla frekar starf umbótahópa og kynningu á þeim með það að markmiði að bæta niðurstöður RAI-gæðavísa<sup>1</sup>. Styðjast við *Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019 – 2030*.**

Umbótahópar starfandi í Sunnuhlíð voru endurskipulagðir árið 2019 með það að markmiði að auka gæði allrar þjónustu í Sunnuhlíð og þar með niðurstöður RAI-gæðavísa. Sem dæmi má nefna umbótahópa vegna þvagfærasýkinga, byltuvarna, þyngdartaps og húðvandamála. Þessir hópar uppfærðu verklagsreglur sem fyrir voru eða gerðu nýjar. Breytt verklag var innleitt með kynningum fyrir allt starfsfólk, bæði á fundum og með rafrænum hætti. Verklagsreglurnar eru aðgengilegar öllu starfsfólki Sunnuhlíðar í gæðahandbókum sem eru útprentaðar á hverri deild en unnið er að rafrænni gæðahandbók. Til að meta árangur af þessari umbótavinnu er fylgst sérstaklega með þeim RAI gæðavísu sem við á. Til að meta árangur af breyttu verklagi varðandi hættu á vannæringu voru teknar upp þyngdarmælingar hálfsmánaðarlega hjá íbúum sem tilheyra þeim hópi.

Vegna þess að niðurstöður úr RAI-mati 2019 á deildinni Hvammi sýndu að algengi þvagfærasýkinga<sup>2</sup> var ekki innan gæðaviðmiða var sérstök áhersla lögð á umbætur á þeim þætti. Gerðar voru nýjar verklagsreglur um varnir gegn þvagfærasýkingu og þær kynntar öllu starfsfólki Hvamms m.a. við vaktaskipti á morgnana og á deildarfundum. Einnig voru haldnir reglulegir fræðslufundir og örkyrningar fyrir starfsmenn allra deilda um þvagfærasýkingar og varnir gegn þeim. Við þessa vinnu lækkaði tíðni þvagfærasýkinga í næstu RAI-mælingum bæði á deildinni Hvammi og heimilinu í heild (sjá mynd 1).



Mynd 1.


<sup>1</sup> RAI (e. Resident Assessment Instrument) er yfirgripsmikið þverfaglegt matstæki sem metur hjúkrunarþarfir og heilsufar íbúa á hjúkrunarheimilum með áherslu á gæði þjónustunnar sem veitt er. Sjá nánar: <https://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efartil/heilbrigdisthjonusta/efartil-med-stofnunum-og-starfsstofum/rai-mat/>

<sup>2</sup> Skilgreining á algengi þvagfærasýkinga: Talinn er fjöldi þeirra íbúa sem eru með skráða þvagfærasýkingu í nýjasta RAI mati á hverju tímabili sem hlutfall af heildarfjölda íbúa með skráð RAI mat á viðkomandi tímabili.

*Nánari afmörkun (teljari)*: Fjöldi íbúa sem fá skráða þvagfærasýkingu í nýjasta RAI mati á viðkomandi tímabili.

*Viðmiðunarhópur (nefnari)*: Allir íbúar hjúkrunarheimilisins með skráð RAI mat (nýjasta RAI mat á viðkomandi tímabili)

Algengi byltna<sup>3</sup> er innan gæðviðmiða á heimilinu í heild (sjá mynd 2) en vegna niðurstaðna úr RAI mati á algengi byltna árið 2019 á Hvammi var verklag við bylтуvarnir endurskoðað í samræmi við klínískar leiðbeiningar frá Landspítalanum. Lögð er áhersla á þverfaglega nálgun með aðkomu hjúkrunarfræðings, læknis, sjúkráþjálfara og iðjuþjálfara. Í verklaginu felst m.a. að gera byltnamat hjá öllum sem flytja í Sunnuhlíð og síðan eftir þörfum til dæmis við breytingu á heilsufarsástandi eða eftir byltnu. Sjúkráþjálfari gerir einnig Berg-byltnamat og jafnvægispróf. Á hverjum föstudegi er teymisfundur með sjúkráþjálfara og iðjuþjálfara. Ef íbúi hefur orðið fyrir byltnu í vikunni er farið yfir málsatvik á þeim fundi og gerð ný jafnvægispróf hjá íbúa ef sjúkráþjálfari telur þörf á því.



Mynd 2.

- **Setja fram mælanleg gæðamarkmið í samræmi við stefnu um starfsemina líkt og kröfulýsing kveður á um.**

Haldnir eru að lágmarki þrjú fundir á ári með gæðateymum/umbótahópum þar sem farið er yfir niðurstöður RAI gæðavísa og í kjölfarið eru lögð fram ný markmið. RAI gæðavísar heimilisins eru flestir innan viðmiða líkt og í apríl 2019. Við gerð gæðamarkmiða og umbótáætlunar er horft til gæðavísa þar sem niðurstöður eru í hærra lagi.

- **Uppfæra gæðahandbók reglulega, koma henni á rafrænt form og sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á henni og hafi aðgang að henni. Sjá til þess að í gæðahandbókinni séu mikilvægar verklagsreglur, vinnulýsingar og gátlistar.**

Á vormánuðum 2020 var gæðastjóri ráðinn í 20% starf hjá Sunnuhlíð. Hans hlutverk er meðal annars að fylgja eftir gæðaáætlun og halda utan um þjónustukannanir. Gæðastjóri hefur jafnframt yfirumsjón með gæðahandbók og reglulegri uppfærslu gæðaskjala. Gæðahandbók verður vistuð í skjalastjórnunarkerfi sem allir starfsmenn munu hafa aðgang að. Innleiðingaráætlun helst í hendur við innleiðingu á skjalastjórnunarkerfi (One system) fyrir heimilið en töf hefur orðið á þeirri innleiðingu.

<sup>3</sup> [Skilgreining á algengi byltna](#): Talinn er fjöldi þeirra íbúa sem eru með skráða byltnu í nýjasta RAI mati á hverju tímabili sem hlutfall af heildarfjölda íbúa með skráð RAI mat á viðkomandi tímabili.

*Nánari afmörkun (teljari)*: Fjöldi íbúa sem fá skráð byltnu í nýjasta RAI mati á viðkomandi tímabili.

*Viðmiðunarhópur (nefnari)*: Allir íbúar hjúkrunarheimilisins með skráð RAI mat (nýjasta RAI mat á viðkomandi tímabili)

- **Gera þjónustukannanir reglulega og nýta niðurstöður í umbótastarfi.**

Gerð var þjónustukönnun meðal íbúa í ágúst 2020. Nemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands var ráðinn til að taka viðtöl við 18 íbúa heimilisins og fylla út könnun með þeim. Spurt var um líðan íbúanna og ákveðna þætti í þjónustunni. Helstu niðurstöður voru að flestir greindu frá almennt góðri líðan og voru ánægðir með þá heilbrigðisþjónustu sem í boði er, svo og þjónustu við umönnun og viðmót starfsfólks. Þeir íbúar sem voru á einbýli voru almennt ánægðari en þeir sem voru á tvíbýli. Hins vegar gáfu niðurstöður vísbendingar um að íbúum finnst þeir fá heldur lítinn tíma til samræðna við starfsfólk.

Stefnt er að því að þjónustukönnun verði lögð fyrir einu sinni á ári og mun gæðastjóri halda utan um það verkefni. Þjónustukönnun verður jafnframt lögð fyrir aðstandendur.

- **Styrkja þverfaglega teymisvinnu á heimilinu.**

Að mati stjórnenda er þverfagleg samvinna í Sunnuhlíð góð og markvisst hefur verið unnið að því að efla hana enn frekar t.d. með umbótahópum. Haldnir eru samráðsfundir hjúkrunarfræðinga, lækna, sjúkrapjálfa og iðjupjálfa þrisvar á ári við lok RAI tímabila. Jafnframt hittast sjúkrapjálfarar og deildarstjórar einu sinni í viku á fundi þar sem farið er yfir markmið og framvindu endurhæfingar íbúa. Iðjupjálfi fundar aðra hvora viku með deildarstjórum hjúkrunar þar sem farið er yfir virkni íbúa.

### **Efla þjónustu við íbúa**

- **Tryggja að allt starfsfólk sem vinnur við hjúkrun/umönnun hafi gott vald á íslensku máli.**

Flestir starfsmenn skilja og tala íslenskt mál samkvæmt stjórnendum. Erlendir hjúkrunarfræðingar hafa verið ráðnir í 40% starfshlutfall og eru samhliða starfi í íslenskunámi við Háskóla Íslands. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma til þess að gera starfsmönnum kleift að stunda nám í íslensku. Þá er lögð áhersla á að einungis sé töluð íslenska á heimilinu. Ákveðin íslenskukunnátta er forsenda þess að fá starf við umönnun í Sunnuhlíð. Ekki er gerð krafa um að starfsfólk sem sér um ræstingar (sem unnin er í verktakavinnu) tali íslensku.

Deildarstjórar sitja alla lækna-, teymis- og fjölskyldufundi og bera ábyrgð á að niðurstöður þeirra funda komist áfram til starfsmanna og tryggja þannig skilning starfsmanna á því sem fram fer á fundunum.

- **Tryggja markvissa lækniþjónustu og að skipulag lækniþjónustu taki mið af þörfum íbúa og skipulagi starfsemi heimilisins.**

Lækniþjónustunni er sinnt í verktöku af Heiluvernd ehf. Í skriflegu samkomulagi við verktaka er meðal annars tekið fram hver viðveran skuli vera, viðbragðstími vegna útkalla, ákvæði um fjölskyldufundi, þátttöku í RAI mati og að leitað sé til sérfræðilækna eftir þörfum. Stjórnendur á Sunnuhlíð eru ánægðir með að Heiluvernd veiti nú sérfræðiþjónustu í öldrunarlækningum.

- **Tryggja aðbúnað íbúa er varðar hreinlæti, hvíld og samskipti, huga sérstaklega að þeim sem dvelja í tvíbýlum.**

Stöðugildum í umönnun hefur verið fjölgað frá árinu 2019. Í því felst meira svigrúm til að auka samskipti við íbúa og meiri tími til umönnunar. Öflug innleiðing hefur átt sér stað frá árinu 2010 á hugmyndafræðinni *Gentle Teaching* (þjónandi leiðsögn) sem unnið er eftir við umönnun.

Starfsfólk er daglega minnt á helstu þætti þeirrar hugmyndafræði sem er að sýna umhyggju, nærgætni og hlýju. Áhersla er lögð á það við starfsfólk að hluti af starfi þess er samskipti við íbúa, spjall og afþreying.

- **Leita allra leiða til að breyta/endurnýja húsnæði heimilisins svo það uppfylli nútíma kröfur sem gerðar eru til hjúkrunarheimila.**

Á tímum heimsfaraldurs kom þörfin fyrir endurnýjun á húsnæði enn frekar í ljós. Salernisaðstaða er ekki í samræmi við þarfir og verulegur skortur er á einbýlum. Því hefur verið erfitt að sinna sýkingavörnum eins og vera ber og skipulag húsnæðis gert umönnun erfiðari.

Gerðar hafa verið tvær skýrslur, á vegum stjórnenda Sunnuhlíðar, um ástand húsnæðisins. Önnur fjallaði um lagfæringar á húsnæðinu í núverandi mynd og hin um að breyta öllum tvíbýlum í einbýli. Ekki er talið fjárhagslega hagkvæmt að ráðast í neinar breytingar á húsnæðinu en þess í stað er í undirbúningi að reisa nýtt heimili á lóð við Kópavogsbraut 9 - 17 og hefur erindi þess efnis verið sent heilbrigðisráðuneytinu og bæjaryfirvöldum í Kópavogi.

Samkvæmt upplýsingum embættisins frá heilbrigðisráðuneytinu er endurnýjun á húsnæði Sunnuhlíðar komin á framkvæmdaáætlun en verkefnið er ófjármagnað og frekari framvinda er háð því að fjárveiting fái st.

- **Hafa reglulega fjölskyldufundi, t.d. tvisvar á ári í staðinn fyrir „eftir þörfum“.**  
**Ennfremur að hafa fyrsta fjölskyldufund fyrir eftir komu.**

Fjölskyldufundir eru haldnir innan tveggja til þriggja mánaða eftir að íbúi flytur inn á heimilið. Unnið er að því að hafa reglulega fjölskyldufundi fyrir hvern og einn íbúa a.m.k. tvisvar sinnum á ári en sökum heimsfaraldurs hefur það markmið ekki náðst.

- **Efla íbúalýðræði þannig að markvisst sé leitað eftir óskum íbúa og reynt að bregðast við þeim.**

Stöðugt er hlustað eftir óskum og ábendingum frá íbúum og aðstandendum og reynt er að koma til móts við það sem hægt er. Deildarstjórar leggja sig fram við að vera aðgengilegir til viðtals og símanúmer og netföng þeirra eru á heimasíðu Sunnuhlíðar. Vaktstjórar fylgjast með líðan íbúa frá degi til dags og koma ábendingum á framfæri við stjórnendur. Spurningalistar um óskir íbúa eru ekki lagðir markvisst fyrir íbúa og aðstandendur en vel athugandi að gera það að sögn stjórnenda.

- **Auka samveru með íbúum til þess að draga úr einmannaleika þeirra.**

Árið 2015 var ráðinn iðjuþjálfari til heimilisins með það að markmiði að auka markvisst samveru og tómsstundir. Upplestur, leikfimi, föndur og söngur er í boði fyrir íbúa og á sumrin eru skipulagðar gönguferðir þegar veður leyfir. Einnig hafa verið haldnar messur einu sinni í viku á heimilinu. Á heilabilunardeildinni er *Namaste* meðferð alla daga.

Heimsóknir frá Rauðakrossdeild Kópavogs hafa legið niðri vegna COVID-19. Tilgangur þessara heimsókna er m.a. að koma í veg fyrir félagslega einangrun.

## Tryggja viðeigandi mönnun

- **Leita allra leiða til að tryggja viðeigandi mönnun svo hægt sé að efla gæði og öryggi þjónustunnar**

Hjúkrunarfræðingar eru á vakt allan sólarhringinn í húsinu. Að minnsta kosti einn hjúkrunarfræðingur er á vakt á hverri deild á daginn og á kvöldin. Einn hjúkrunarfræðingur er í húsinu á nóttunni. Hlutfall stöðugilda hjúkrunarfræðinga á hjúkrunardeildum í Sunnuhlíð er 20% af mannafla sem sinnir umönnun og hlutfall faglærðra starfsmanna 48%. Samkvæmt [viðmiðum um mönnun á hjúkrunarheimilum frá 2015](#) er talið æskilegt að hlutfall hjúkrunarfræðinga sé um 27% af mannafla sem sinnir umönnun og að lágmarkshlutfall þurfi að vera um 20% til að tryggja sem best öryggi íbúa. Þá er í viðmiðunum talið æskilegt að hlutfall faglærðra starfsmanna í umönnun sé 78% og lágmarkshlutfall 57%. Ljóst er að hlutfall hjúkrunarfræðinga er í lágmarki og hlutfall faglærðra starfsmanna er töluvert undir fyrrnefndum viðmiðum. Staðan er þó aðeins betri en hún var í síðustu úttekt 2019 en þá var hlutfall faglærðra starfsmanna í umönnun 45% og hlutfall hjúkrunarfræðinga á heimilinu hefur haldist óbreytt. Umönnunarklukkustundir á hvern íbúa á sólarhring eru 5,3 sem er meira en var í síðustu úttekt, en þá voru umönnunarklukkustundir 4,8. Fjöldi umönnunarklukkustunda sem æskilegt er talið í fyrrnefndum viðmiðum eru 5,34 klst. á íbúa á sólarhring og lágmarksfjöldi umönnunarklukkustunda 4,65.

Þess ber að geta að ekki er stuðst við ofangreind viðmið í kröfulýsingu heilbrigðisráðuneytisins en þar er tekið fram að rekstraraðili skuli tryggja að starfsemin sé ætíð mönnum nægilega mörgum faglærðum og ófaglærðum starfsmönnum svo hægt sé að veita þá þjónustu sem skilgreind er í kröfulýsingunni. Heilbrigðisráðherra skipaði verkefnastjórn til að greina raungögn um rekstur og rekstarkostnað hjúkrunarheimila og er sú vinna langt komin.

- **Efla markvissa starfsaðlögun.**

Haldin eru nýliðanámskeið bæði á vorin og haustin og reynt að tryggja eins og kostur er að allir þeir sem hefja störf sækja þessi námskeið. Þá er hverjum nýjum starfsmanni gert að taka þrjár til fjórar aðlögunarvaktir áður en hann hefur formlega störf. Í gæðahandbók fyrir nýja starfsmenn er gátlisti sem deildarstjóri fer yfir með nýjum starfsmanni í byrjun og aftur eftir um það bil tvær vikur. Í gátlistanum er að finna þá þætti í umönnun sem starfsmenn þurfa að kunna skil á. Nýir starfsmenn eru ekki sjálfstæðir á vakt og yfirleitt eru tveir og tveir að vinna saman, annar er þá með mikla reynslu. Starfsmannaviðtöl eru tekin einu sinni á ári þar sem farið er yfir starfsaðlögun þegar það á við.

- **Auka íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt heilbrigðiskerfi og samfélag fyrir starfsfólk af erlendum uppruna.**

Í þeim tilvikum þegar ráðnir eru starfsmenn sem ekki tala fullnægjandi íslensku er unnið í samstarfi við stéttarfélag varðandi námskeið og námsaðstoð í íslensku.

## Atvik

Í lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 segir í 9. gr: „Heilbrigðisstofnanir ... skulu halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki.“ Samkvæmt upplýsingum úr gagnagrunni embættis landlæknis voru algengustu skráðu atvikin í Sunnuhlíð byltur árið 2020 eins og árin 2018 og 2019. Engin alvarleg óvænt atvik hafa verið tilkynnt til embættis landlæknis frá Sunnuhlíð síðustu fimm ár (2016 til 2020).



Skráð atvik á Sunnuhlíð			
Tegund	Árið 2018	Árið 2019	Árið 2020
Byltur	155	155	211
Lyfjaatvik	11	6	7
Ofbeldi	3	5	10
Annað	3	2	0
<b>Alls</b>	<b>172</b>	<b>168</b>	<b>228</b>

Tafla 1.

Samkvæmt stjórnendum má rekja aukinn fjöldi skráðra atvika til bættrar öryggismenningar en undanfarið hefur verið lögð áhersla á skráningu atvika, sérstaklega byltur.

### Mat embættis landlæknis

Vert er að taka tillit til þess að heimsfaraldurinn hefur haft töluverð áhrif á alla starfsemi Sunnuhlíðar líkt og á aðra heilbrigðisstarfsemi í landinu. Ljóst er að stjórnendur á Sunnuhlíð hafa tekið tillit til ábendinga embættis landlæknis og unnið töluverða umbótavinnu varðandi ýmsa þætti starfseminnar. Stöðugildum í umönnun hefur verið fjölgað og ánægjulegt er að umönnunar-klukkustundum hefur þar með fjölgað frá því í síðustu úttekt 2019. Ef tekið er mið af viðmiðum embættisins um mönnun á hjúkrunarheimilinum er ljóst að mönnun fagaðila er enn undir lágmarki og hlutfall hjúkrunarfræðinga er rétt við lágmark. Slíkt felur í sér hættu á of lítilli þjónustu við íbúana og er það áhyggjuefni auk þess sem það leiðir til aukins álags á þá hjúkrunarfræðinga og annað fagfólk sem þar er starfandi. Lítil fagmönnun getur haft í för með sér að ófaglært starfsfólk taki of mikla ábyrgð, án þess að hafa til þess næga þekkingu og þjálfun og er það áhyggjuefni. Embætti landlæknis telur brýnt að styrkja fagmönnun enn frekar á Sunnuhlíð.

Þá hvetur embættið stjórnendur til þess að stuðla að áframhaldandi umbótavinnu og styrkja enn meira samskipti við aðstandendur t.d. með reglulegri upplýsingagjöf og fjölskyldufundum líkt og áætlað er. Stjórnendur eru einnig hvattir til að sannreyna að allt starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi gæðamála og tileinki sér að vinna samkvæmt skráðum verklagsreglum og vinnulýsingum. Jákvætt er að þjónustukönnun hefur farið fram þótt úrtak hafi verið lítið en fyrirheit eru um að könnun verði endurtekin og niðurstöður nýttar til umbóta.

Embætti landlæknis tekur undir með stjórnendum að mikilvægt er að flýta eins og kostur er að allir íbúar heimilisins hafi tækifæri til að búa á einbýli, bæði vegna persónulegra þarfa íbúa og ekki síður vegna sóttvarna

Embættið gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu og þakkar stjórnendum fyrir góða samvinnu við úttektina.